

Helga Stefánsdóttir

Forstöðumann framkvæmda og rekstrardeildar Hafnarfjarðarbæjar.

Efni: **Reykjanesbraut um Hafnarfjörð.**

Samþykkt hefur verið að Vegagerðin bjóði út framkvæmdir vegna breytinga á vegamótum Reykjanesbrautar og Fjarðarhrauns. Sjá samþykkt umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar dags. 7. 2. 2018. Útboðsgögn verða unnin í samstarfi við forstöðumann framkvæmda og rekstrardeildar Hafnarfjarðarbæjar.

Hugmyndir hafa verið uppi um breytingar á hringtorgi á Reykjanesbraut við Lækjargötu/Hlíðarberg til að auka afköst en þjónustugráða á vegamótunum er E (samkvæmt HCM) árið 2016 skv. greinargerð frá Verkís dags. 29. 1. 2018. Fyrir umferð í þéttbýli skal skv. Veghönnunarreglum miða við að ná a.m.k. þjónustugráðu D tuttugu árum eftir að framkvæmdum lýkur. Af þeim tillögum sem til umræðu hafa verið hefur helst komið til greina að breyta hringtorginu í ljósastýrð vegamót.

Skv. skýrslu Verkís munu meðaltafir við vegamótin aukast við breytinguna en meðalraðir styttest þannig að þjónustugráða færir upp í D eftir breytingar.

Við að breyta hringtorgi í ljósastýrð vegamót er óvissa um fjölgun á slysum með alvarlegum meiðslum. Engin umferðarslys með alvarlegum meiðslum hafa orðið á hringtorginu á árunum 2012-2016 skv. slysaskráningu Vegagerðarinnar.



Mynd 1 Slys, skráð af lögreglu, á hringtorgi á Reykjanesbraut við Lækjargötu/Hlíðarberg árin 2011-2016. Grænt merkir eignatjón og gult lítil meiðsl á fólki.



Reykjavík, 2. 3. 2018
Tilvísun: 2018020053/EBH
Tilv. ykkar:

Umferðarslys sem verða við að ekið sé yfir á rauðu ljósi geta orðið mjög alvarleg enda hraði almennt meiri en gengur og gerist við hringtorg. Umrædd aukning á greiðfærni er því mögulega á kostnað umferðaröryggis. Rætt hefur verið um nauðsyn þess að draga úr hraða úr suðri ef af framkvæmdum verður. Raunhæfasta leiðin til þess er líklega að settar verið upp hraðamyndavélar, þær eru settar upp í samráði við lögreglu og sér lögregla um úrvinnslu gagna. Ekki er reynsla af því hér á landi að setja upp hraðamyndavél til að draga úr hraða áður en komið er að vegamótum.

Vegagerðin leggur til að ekki verði farið í framkvæmdir við hringtorgið í ár en að viðræður hefjist milli Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðarbæjar um lausnir til framtíðar fyrir þjóðvegi í Hafnarfirði. Umræður byggja m.a. á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Hvort hringtorgi verði breytt í ljósagatnamót að ári ræðst m.a. af niðurstöðum viðræðna.

Virðingarfyllt,

Erna Bára Hreinsdóttir,
forstöðumaður Skipulagsdeildar